

## Ferða-og dvalarstyrkir

Þeir einstaklingar sem þurfa að sækja styrkhæft nám/námskeið um langan veg eiga rétt á stuðningi við ferða- og dvalarkostnað. Um er að ræða einstaklingsstyrk og sótt er um á sérstöku eyðublaði. Styrkir eru afgreiddir af viðkomandi stéttarfélagi í umboði Sjómenntar.

### Reglur um sérstaka ferða-og dvalarstyrki:

- Akstur 50% af almennu kílómetragjaldi eins og það er ákveðið hverju sinni skv. taxa ferðakostnaðarnefndar.
- Ekki er tekið þátt í ferðakostnaði vegna aksturs sem er innan við 12 km frá námskeiðsstað eða skóla.
- Varðandi akstur og flug er alltaf gert ráð fyrir að menn velji ódýrustu leiðina.
- Flug: Heimilt verði að niðurgreiða kostnað um allt að 75% af hverju flugfargjaldi.
- Gisting: Heimilt verði að niðurgreiða hverja gistinótt á hótélum/gistiheimilum um að hámarki kr. 6.000.- þó aldrei hærra en 75% af verði gistingar pr. sólarhring.

*Ferða-og dvalarstyrkir eru afgreiddir sér, en dragast frá hámarki einstaklingsstyrkja*

*Endurnýjaðar reglur gilda f.o.m. 1. Júlí 2013.*

*Síðast breytt í nóvember 2018 (Frítt í Hvalfjarðargöng)*